

## 2. Prestaskólasjóðurinn.

46

## Tekjur.

1. Eptirstöðvar við árslok 1883:			
a. konungleg skuldabréf . . . . .	kr. 3100,00		
b. skuldabréf einstakra manna . . . . .	— 300,00		
c. Í peningum hjá forstöðumanni prestaskólans . . . . .	— 4,60	kr. 3404,60	
2. Vextir til 11. des. 1884 . . . . .		— 136,00	
			kr. 3540,60

## Útgjöld.

1. Styrkur veittur:			
a. Stúdent Skúla Skúlasyni . . . . .	kr. 50,00		
b. Stúdent Páli Stephensen . . . . .	— 30,00		
c. Stúdent Arnóri Árnasyni . . . . .	— 26,00		
d. Stúdent Ólafi M. Stephensen . . . . .	— 30,00	— 136,00	
2. Eptirstöðvar við árslok 1884:			
a. konungleg skuldabréf . . . . .	kr. 3100,00		
b. skuldabréf einstakra manna . . . . .	— 300,00		
c. í peningum hjá forstöðumanni prestaskólans . . . . .	— 4,60	— 3404,60	
			kr. 3540,60

Reykjavík, 18. maí 1885.

S. Melsted.

## Reikningur

47

yfir tekjur og gjöld legatssjóðs Ørum &amp; Wulffs 1884.

## Tekjur.

1. Eign sjóðsins 1. jan. 1884:			
a. Innritunarskrifteini fjárhagsstjórnarinnar Littr. G. Fol. 1130	kr. 4000,00		
b. Í peningum . . . . .	— 13,90	kr. 4013,90	
2. Leigur af innstæðufje sjóðsins 11/683—11/684 . . . . .		— 160,00	
			kr. 4173,90

## Gjöld.

1. Borgað fyrir auglýsing í «Fróða» . . . . .	kr. 0,75		
2. Styrkur veittur Þorsteini Jónssyni á Eyðum . . . . .	— 160,00		
3. Í sjóði við árslok 1884:			
a. Innritunarskrifteini fjárhagsstjórnarinnar Littr. G. fol. 1130	kr. 4000,00		
b. Í peningum . . . . .	— 13,15	— 4013,15	
			kr. 4173,90

Skrifstofu norður- og austuramtsins 28. janúar 1885.

J. Havsteen.

P. Guðjohnsen.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu á þjóðjörðum sam- 48  
kvæmt lögum 8/11 83. — Í tilefni af tillögum yðar, herra landshöfðingi, í þóknanlegu 23. marz.  
brjefi 7. f. m., veitir ráðgjafinn yður hjermeð, samkvæmt lögum 8. nóvbr. 1883, um að

48 stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir, myndugleika til að selja hlut-  
23. marz. aðeigandi leiguliðum eptirnefndar þjóðjarðir fyrir verð það, sem ákveðið er lægst í tjeðum  
lögum, og að öðru leyti með skilmálum þeim, sem þar eru heimilaðir. Jarðir þessar, sem  
í lögnum eru hin 2. 3. 4. og 9. í röðinni, eru þær sem hjer segir:

Þverá í Kleifahreppi; jörð þessa sem með virðingargjörð þeirri, er fyrirskipuð er  
í 2. gr. nefndra laga er virt á 1820 kr., má selja ábúandanum Guðlaugi Guðmundssyni  
fyrir 2027 kr.

Hlíð í Leiðvallahreppi, virt á 2000 kr.; hana má selja ábúandanum Sigríði  
Sveinsdóttur fyrir 2360 kr.

Arnarnes í Eyjafjarðarsýslu, virt á 3000 kr.; hana má selja ábúandanum Antoni  
Sigurðssyni fyrir 3200 kr.

Orrastaðir í Húnavatnssýslu, virt á 2500 kr.; hana má selja ábúandanum Ey-  
steini Jónssyni fyrir 3000 kr.

Sömu leiðis skal yður veittur myndugleiki til að gefa út kaupbrjef fyrir nefndum  
jörðum.

Virðingargjörðir þær, er fylgdu ofanefndu brjefi yðar, endursendast hjer með.

49 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um makaskipti á kirkjujörð.  
30. apr. — Samkvæmt tillögum ráðgjafans í tilefni af þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfð-  
ingi, dags. 21. f. m., hefir hans hátign konunginum 21. p. m. allramildilegast þóknast  
að samþykkja, að eignarjörð Sauðafells kirkju Hamrar í Laxárdal í Dalasýslu í Vestur-  
amtinu verði seld í makaskiptum fyrir hálfu jörðina Sauðafell í sömu sýslu, þannig að  
fyrnefnd jörð verði eptirleiðis, að því er skattskyldu snertir, skoðuð sem hver önnur  
bændaeign en hin síðarnefnda sæti sömu kjörum sem aðrar kirkjujarðir.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður, herra landshöfðingi til þóknanlegrar  
leiðbeiningar og frekari birtingar.

50 Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi um niðurlagning Melakirkju.  
23 maí — Samkvæmt ályktun hjeradsfundarins í Borgarfjarðarprófastsdæmi og tillögu yðar, há-  
æruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi 8. desember f. á. og eptir að hafa meðtekið yfir-  
lýsingu þá frá eiganda Leirárkirkju, er fylgdi þóknanlegu brjefi yðar 10. f. m., vil jeg  
hjer með með skýrskotun til 4. gr. laga um skipun prestakalla frá 27. febrúar 1880 fall-  
ast á:

- 1, að kirkjan á Melum í Melasveit verði lögð niður og rifin, og að bæjir þeir, sem nú  
heyra til Mela sókn eigi framvegis kirkjusókn að Leirá,
- 2, að sjóður Melakirkju svo og ornamenta hennar og instrumenta og andvirði kirkju-  
hússins leggist til Leirárkirkju, gegn því að þessi kirkja verði stækkuð svo, að hún  
rúmi söfnuð hinna tveggja sameinuðu sókna.

Aptur á móti er engin heimild til þess að lögum, að eigandi Leirárkirkju fái fyrir  
stækkun þessarar kirkju, einsog hann hefur óskað eptir, andvirði 2 seldra hestamæðra og  
búshluta sem hafa fylgt Mela stað, þarsem þessir munir sem annað staðarfje verða að